

Mál nr. 302/2014
M og
V v. kaskótryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur bifreiða vinstri beygja og framúrakstur þ. 16.7.2014.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 30.9.2014 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 7. október 2014 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M ók á eftir tveim bifreiðum og ákvað að aka framúr þrátt fyrir að óbrotin miðlína væri á veginum, þegar fremsti bíllinn beygði til vinstri og árekstur varð með bifreið M og þeirrar bifreiðar. M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V. V samþykkir bótaskyldu en telur rétt að skerða bætur til M um 50% vegna stórkostlegs gáleysis. M krefst óskertra bóta og telur sig ekki hafa sýnt af sér gáleysi í umrætt sinn og miðlína vegarins hafi verið brotin þegar hann hóf framúrakstur. Þá vísar M til þess að hann hafi ekið á rúmlega 60 km. hraða í umrætt sinn. Ökumaður bifreiðarinnar sem ekið var á segist hafa gefið stefnumerki um þá fyrirætlun sína að beygja til vinstri áður en komið var á gatnamótunum og sama ber ökumaður bifreiðarinnar sem ók á eftir þeirri bifreið. Þá segir í lögregluskýrslu að framúrakstur var bannaður með óbrotinni línu þar sem M hugðist aka framúr bifreiðunum tveimur. V telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann hóf framúrakstur við jafn hættulegar aðstæður og um var að ræða með akstri yfir óbrotna línu rétt áður en komið var að gatnamótum og þrátt fyrir að fremsta bifreiðin hefði gefið stefnumerki og telur V að skerða eigi bætur til M úr kaskótryggingu hans hjá félaginu um 50% með vísan til varúðarreglu 26. gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004.

Álit.

Málsatvik eru að mestu leyti óumdeild. M hóf framúrakstur þegar hann nálgadist gatnamót og fór yfir óbrotna línu og gætti ekk að stefnumerkjagjöf fremstu bifreiðarinnar, sem hafði gefið merki um að beygja til vinstri þegar M ók framúr bifreiðinni. Með þessum akstri sýndi M af sér stórkostlegt gáleysi þannig að hann verður að sæta skerðingu bóta sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004. Rétt þykir að bætur til M verði skertar um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis hans í umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V en verður að þola skerðingu bóta um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis.

Reykjavík 28.10.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.